


HÖNNUN OG FRÁGANGUR HEIMLAGNA

1. Gildir fyrir


Einbýlis- og raðhús, minni fjölbýlishús og sambærilegt húsnæði allt að 3000 m³.

2. Meginreglur


- Á við um heimlagnir í Reykjavík, Akranesi og í þeim sveitafélögum á veitusvæði OR þar sem samstarf er við aðrar veitustofnanir.
- Heitavatsheimæðar verða lagðar í plasti í stað járn áður.
- Allar lagnir veitunnar verða dregnar í ídráttarrör frá lóðamörkum að tengistað innanhúss.
- Þar sem allar lagnir verða lagðar samtímis er mikilvægt að inntak veitna sé hannað á sama stað í húsi. Hönnuður heimlagna skal kynna sér kröfur um staðsetningu inntaksrýma í skipulagi hverfa og gatna. Í byggingarreglugerð segir m.a. í 86. grein: *“Inntaksrými er það rými eða klefi þar sem stofuleiðslur fyrir heitt og kalt vatn, rafmagn og síma tengjast húsi. Í fjöleignarhúsum skulu slík rými ætíð vera í sameign.”*
- Hönnuður húss ber ábyrgð á að samræma heimlagnir öðrum lögnum á lóð svo kerfi rekist ekki á, t.d. drenlagnir við hús og frárennsli.
- Skápar Orkuveitunnar innihalda nauðsynlegan afhendingarbúnað, inntaksgrindur fyrir heitt og kalt vatn og rafmagnsskápurinn inniheldur aðalrofa, mæli og tengibretti sem rafverktaki tengir frá. Orkuveitan setur ekki upp stærri skáp fyrir hverja veitu (rafmagn, heitt og kalt vatn) en sem rúmar einn mæli.



Mynd 1: Þversnið frá götu inn í hús. Athugið að allar lagnir eru dregnar í ídráttarrör, sem liggja frá inntaki gegnum húsgrunn og út að lóðamörkum. Orkuveitan leggur ekki rör fyrir snjóbræðslu eða lóðarlýsingu, en göt eru skilin eftir í sökkulvegg ef áhugi er fyrir slíkri notkun síðar.



Mynd 2 Forsmíðað gólfmát með stútum sem tengjast ídráttarrörum. Gólfmáti er komið fyrir með ídráttarbeygjum áður en fyllt er í sökkul. Síðan steypist gólfmátið í plötu þannig að stúturnir standi upp úr.




Veggmát

t.d. snjóbræðsla
t.d. ljósastrangur – Fjarskipti eiganda
Fjarskipti OR – Rafmagn
Heitt vatn; framrennsli/bakrennsli

Mátið miðast við að þykkt sökkulveggss sé 20 cm. Sé sökkulveggur þykkari þarf að setja þynningu innan í mótið þannig að mátið passi.

Mynd 3: Forsmíðað mát í útvegg tryggir rétta afstöðu milli röranna. Athugið : Hluti þessara röra er fyrir húseiganda til notkunar síðar, svo sem fyrir snjóbræðslu og ljósastrang (lóðarlýsingu).

Veggmátinu er komið fyrir þannig að stútur fyrir kalt vatn sé á 120 cm dýpi undir yfirborði lóðar.



Mynd 4: Þennan hluta verksins sér húseigandi alfarið um. Veggmátið er fyrst steypit í sökkulvegg. Þá eru ídráttarrör og beygjur tengd við veggmát og gólfmát sem steypist í gólfplötu. Þess skal gætt að allir endar séu tryggilega lokaðir.

Ídráttarlagnir:	Stærð:	Beyguradíus:
Heitt vatn; fram- og bakrennsli	110 mm	a.m.k. 70 cm
Kalt vatn	75 mm	a.m.k. 50 cm
Önnur rör	50 mm	a.m.k. 50 cm